FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
9. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 11. JANÚAR 2017


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Óttarr Proppé
Heilbrigðisráðherra


Bjarni Benediktsson
Forsætisráðherra


Benedikt Jóhannesson
Fjármálaráðherra


Kristján Þór Júlíusson
Menntamálaráðherra


Björt Ólafsdóttir
Umhverfis- og auðlindaráðherra


Jón Gunnarsson
Samgöngu-, fjarskipta og byggðamálaráðherra




Þorsteinn Víglundsson
Félagsmálaráðherra


Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra


Sigríður Á. Andersen
Dómsmálaráðherra

# Ráðuneyti Bjarna Benediktssonar


Guðlaugur Þór Þórðarson
Utanríkisráðherra

**Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar tekur við á ríkisráðsfundi á Bessastöðum í dag. Af ellefu ráðherrum eru þrír sem tóku fyrst sæti á Alþingi í síðustu kosningum. Í stjórninni eru sjö karlar og fjórar konur. Stjórnarandstaðan segir stjórnarsáttmálann óljósan.**

**STJÓRNMÁL** Sjö þingmenn taka í fyrsta sinn við embætti ráðherra í nýrri ríkisstjórn Viðreisnar, Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks. Alls verða ráðherrarnir ellefu. Sex úr röðum Sjálfstæðisflokks, þrír úr Viðreisn og tveir frá Bjartri framtíð.

Þar af eru þrír sem hafa ekki setið á þingi áður, þau Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir sem verður ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, Benedikt Jóhannesson sem verður fjármálaráðherra og Þorsteinn Víglundsson sem verður félags- og jafnréttismálaráðherra.

Fjórir ráðherrar nýju ríkisstjórnarinnar hafa áður gegnt ráðherraembætti. Bjarni Benediktsson var fjármálaráðherra undanfarið kjörtímabil en verður forsætisráðherra. Kristján Þór Júlíusson var heilbrigðisráðherra en verður menntamálaráðherra.

Guðlaugur Þór Þórðarson var heilbrigðisráðherra frá 2007 til 2009 en verður utanríkisráðherra og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir var menntamálaráðherra árin 2003 til 2009 fyrir Sjálfstæðisflokk en verður nú landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra fyrir Viðreisn.


Unnur Brá Konráðsdóttir
Forseti Alþingis

„Ég er mjög þakklát fyrir þennan stuðning og traust sem formaðurinn og þingflokkurinn sýndu með því að fela mér þetta verkefni. Ég hlakka til að takast á við það," segir Sigríður Á. Andersen, verðandi dómsmálaráðherra, um nýja starfið sem hún kveðst ekki hafa sóst sérstaklega eftir.

Jón Gunnarsson, sem verður ráðherra samgöngu-, fjarskipta- og nýsköpunarmála, tekur í sama streng, eðli þingmennskunnar sé að vera tilbúinn að axla ábyrgð. „Ég er þakklátur fyrir það traust sem mér er sýnt að gegna þessu mikilvæga embætti."

Þórdís Kolbrún verður yngsti ráðherra ríkisstjórnarinnar, 29 ára.

„Fyrstu viðbrögð verða að vera pínu klisja. Maður tekur við þessu af mikilli auðmýkt og þakkar fyrir traustið. Ég er algjörlega reiðubúin til að axla þessa ábyrgð sem mér er falin."

Þá kveðst Þorsteinn Víglundsson spenntur fyrir komandi misserum.

„Þetta leggst mjög vel í mig. Þetta er viðamikið og spennandi ráðuneyti til þess að takast á við sem mér líst mjög vel á," segir Þorsteinn.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýna nýjan stjórnarsáttmála og segja hann of almennt orðaðan og óljósan. – þea / sjá síður 4 og 6

## Viðræður um Arion í frost

**MARKAÐURINN** Áform um að selja lífeyrissjóðum 20 til 40 prósenta hlut í Arion banka í lokuðu útboði hafa að mestu verið sett til hliðar.




Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa viðræður Kaupþings og fulltrúa sjóðanna runnið út í sandinn. Of mikið bar í milli varðandi verðhugmyndir. Horft er til þess að lífeyrissjóðir komi fremur að kaupum í bankanum sem hornsteinsfjárfestar í almennu hlutafjárútboði. – hae

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Birgir Jakobsson og Runólfur Pálsson skrifa um líffæragjafir. 11

**SPORT** Ekki er ljóst hvort Aron Pálmarsson spili á HM. 14

**MENNING** Leikritið Ræman er óður til þess sem er ekta í veröldinni rafrænum tímum. 20

**LÍFIÐ** Á árinu verða stórtónleikar áberandi enda nokkrar þekktar hljómsveitir á leið til landsins. Þá verða margar framhaldsmyndir frumsýndar 2017. Þetta verður gott ár. 24



**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Norðanátt og mjög hvasst á austanverðu landinu. Snjókoma, einkum norðaustanlands þar sem spáð er blindbyl fram eftir degi. Hins vegar þurrt og bjart veður syðra. Fer að lægja seinni partinn. SJÁ SÍÐU 18

# Hingað og ekki lengra




Umhverfisstofnun vinnur að varanlegri lokun Kirkjufjöru. Þessu skilti hafði verið komið upp þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær. Skilti sem merkja eiga lokun fjörunnar voru í prentun þegar banaslys varð í fjörunni á mánudaginn. Enn er þó hægt að sjá fjöruna af útsýnispalli. Yfir 200 ferðaþjónustufyrirtæki um allt land skrifuðu í gær undir yfirlýsingu um ábyrga ferðaþjónustu. Undir þá ábyrgð falla meðal annars öryggismál. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN K.

## Fær verðlaun fyrir forvarnir

**HEILBRIGÐISMÁL** Þórarinn Tyrfingsson, forstjóri á sjúkrahúsinu Vogi, fékk barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs barna á Íslandi fyrir vinnu sína að forvörnum og meðferð á fíknisjúkdómum meðal unglinga.

„Það starf hefur oft á tíðum verið það eina sem samfélagið hefur haft upp á að bjóða á þessu sviði og hefur í alla staði verið til fyrirmyndar,“ segir í útskýringu á valinu.

Verðlaununum fylgir fimm milljóna króna styrkur til að hefja rannsókn á umfangi og eðli fíkniefnanotkunar unglinga á Íslandi í þeirri von að niðurstöður hennar verði nýttar til að hefja átak í forvörnum og meðferð. **– þea**



Þórarinn Tyrfingsson

## Opni braut eða bæti þjónustuna

**SVEITARSTJÓRNIR** „Verði ekki úr þessu bætt án tafar er eðlilegt að stjórnvöld bregðist við með því að byggja upp heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni með þeim hætti að neyðarþjónusta verði aðgengileg á fleiri en einum stað,“ segir bæjarráð Fljótsdalshéraðs varðandi lokun NA/SV-brautarinnar á Reykjavíkurflugvelli.

Bæjarráð segist krefjast þess að þriðja flugbraut Reykjavíkurflugvallar verði opnuð án tafar. „Mikilvægt er að brautin sé starfhæf þangað til önnur ásættanleg lausn er fundin varðandi sjúkraflug. Miðað við þær áherslur í þróun heilbrigðisþjónustu sem unnið er samkvæmt, má ljóst vera að aðgengi að Landspítala – Háskólasjúkrahúsi þarf að vera eins gott og mögulegt er fyrir alla landsmenn og á það ekki síst við um neyðarþjónustu.“ **– gar**

## Faðir talinn hafa myrt fjölskyldu

**DANMÖRK** Lík fjögurra barna og tveggja fullorðinna fundust í húsi í bænum Ulstrup í Danmörku. Lögreglan á Austur-Jótlandi greindi frá þessu, en Ulstrup er í um tuttugu kílómetra fjarlægð frá borginni Randers.

Rannsókn lögreglunnar mun hafa leitt í ljós að 45 ára faðir hafi þar myrt börn sín og barnsmóður áður en hann svipti sig lífi. Konan var 42 ára og börnin þriggja, sex, ellefu og sextán ára gömul.

Lögregla rannsakaði vettvang í gær og á mánudag og var orðrómur uppi um að gasleki hefði valdið andláti fjölskyldunnar. Rannsókn lögreglunnar leiddi hins vegar annað í ljós.

Enn hefur lögregla ekki tjáð sig um mögulega ástæðu þess að faðirinn myrti fjölskyldu sína og stytti sér síðan aldur. **– þea**

LYFJA – Lífið heil

Lægra verð í Lyfju

lyfja.is

Áramótatilboð

15% afsláttur af 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi

● Allar bragðtegundir
● 2 mg og 4 mg






Gildir til 21. jan 2017

# Miðill kveðst hafa séð Tinnu nálægt álverinu

**Tíkin Tinna hefur nú verið týnd í meira en viku og hefur formlegri leit verið hætt. Andrea Björnsdóttir, eigandi Tinnu, leitaði allan gærdag eftir vísbendingu úr óvæntri átt. Kona með ofnæmi fyrir hundum meðal þeirra sem hafa leitað.**

**SAMFÉLAG** Formlegri leit að hundinum Tinnu hefur nú verið hætt en áfram halda þó eigendur hennar, Andrea Björnsdóttir og Ágúst Ævar Guðbjörnsson, að leita.

Andrea leitaði langt fram á mánudagsnóttina og var komin af stað í birtingu í gær. Þegar Fréttablaðið náði tali af henni var hún nálægt Vogum en hún lagði af stað við álverið í Straumsvík.

„Ég var eiginlega búin að missa vonina á mánudag en fékk svo símtal frá dóttur miðils sem hafði séð Tinnu margoft, að hún væri á lífi og héldi til á þessu svæði. Dóttir hennar og barnabörnin komu með mér að leita á mánudag,“ segir Andrea. Hún bætir því við að hún sé mjög skeptísk á miðla almennt en ákvað að taka þessari vísbendingu fagnandi.

„Ég hef farið til þessa miðils einu sinni og hún sá ákveðið sem enginn hefði geta vitað. Þarna fékk ég smá von en mér finnst þetta vera síðasti dagurinn því það er spáð svo miklu frosti. Skipulagði leit er hætt og fólkið sem sá um hana á svo miklar þakkir skildar því ég er alltaf úti að leita. Það er liðinn langur tími síðan hún týndist en ef það koma upp nýjar vísbendingar þá er fólk tilbúið að koma og hjálpa, sem er ótrúlega fallegt.“

Andrea segir að stuðningurinn, sem hún hefur notið, sé ómetanlegur og nefnir sem dæmi að kona sem hafði ofnæmi fyrir hundum hefði farið að leita með börnunum sínum.

„Fólk er sumt að leita langt fram á nótt og alla daga. Það er ótrúlegt. Þó að ég sé að verða úrkula vonar þá ríghelð ég í vonina. Ég efast um að ég geti hreinlega hætt að leita og ég hef ekki enn mætt í vinnuna. Ágúst er farinn að vinna aftur en tíminn einfaldlega stoppar. Það er bara eitt sem kemur til greina hjá mér og það er að finna Tinnu. Þegar það gerist má heimurinn fara að snúast á ný.“

**benediktboas@365.is**



Líf þeirra Ágústs og Tinnu snýst um að finna hundinn sem þeim þykir svo vænt um. MYND/ÚR EINKASAFNI



Andrea biður fólk að leita í skúrum og görðum, og að hringja í síma 846-6613 telji það sig hafa séð Tinnu.

### Leitin að Tinnu

Umfangsmikil leit hefur staðið yfir að hundinum Tinnu frá því að hún strauk úr pössun þann 29. desember.

Engar vísbendingar hafa borist eftir 31. desember 2016.

Eigendur Tinnu lofa 300 þúsund króna fundarlaunum.

Tinna er þriggja ára og er blanda af tegundunum Mini Schnauzer og Toy Poodle.




## Nýtt ár, ný viðmið

Við kynnum hinn glænýja Toyota C-HR, fínslípaðan demant sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Einstökum bíl fylgir einstök tilfinning. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið, enda fyrstur sinnar tegundar.

**· 2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
**· Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## RÍKISSTJÓRNARSKIPTI

# Segjast ekki hafa gefið eftir í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum

Þingflokkur Bjartrar framtíðar hefur ekki enn tekið ákvörðun um það hvort þingmenn flokksins, sem verða ráðherrar í nýrri ríkisstjórn, segi af sér þingmennsku. Björt Ólafsdóttir segir að ef hún og Óttarr Proppé taki að sér ráðherraembætti hafi flokkurinn á að skipa tveimur mjög öflugum konum.

Þau Björt og Þorsteinn Víglundsson segja bæði að þeim lítist mjög vel á stjórnarsáttmálann sem var kynntur í gær. Þorsteinn gefur lítið fyrir gagnrýnisraddir þess efnis að Viðreisn og Björt framtíð hafi gefið eftir í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. „Auðvitað eru þetta þrír flokkar sem eru að koma saman og stefnan í báðum þessum málaflokkum endurspeglar ákveðna málamiðlun. En það er samt sem áður verið að fara yfir málin í heild sinni. Það verður einfaldlega lagst yfir sjávarútvegsmálin. Það er engin fyrirfram gefin niðurstaða skrifuð í stjórnarsáttmála en það er líka alveg opið gagnvart þeim áherslum sem flokkarnir hafa verið með í þessum málum,“ segir hann. „Eins og gefur að skilja þá er verið að endurskoða hvað eigi að gera,“ segir Björt og Þorsteinn segir að hið sama eigi við um landbúnað.

Guðlaugur Þór Þórðarson segir líka að sér líki vel við stjórnarsáttmálann. „Og það er ánægjulegt að sjá að allir flokkar telja sig eiga mikið í honum,“ segir Guðlaugur Þór. Hann segir mikið vera að gerast í alþjóðamálum. „Vonandi munum við sjá meiri fríverslun í heiminum eftir töluverða stöðnun hvað það varðar. En við þurfum sömuleiðis að huga að öryggis- og varnarmálum,“ segir hann. **– jhh**



Björt Ólafsdóttir



Þorsteinn Víglundsson

## Átti von á skýrari sáttmála

**Gylfi Arnbjörnsson**
*forseti ASÍ*



„Þetta er svona tiltölulega almennt orðað. Það eru þarna ýmis ákvæði eins og varðandi starfsgetumat. Svo eru önnur atriði sem maður furðar sig á að ekkert sé minnst á,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Hann segir vissulega fjallað um heilbrigðismál. Hann hefði hins vegar viljað sjá meira fjallað um félagslegan stöðugleika í sáttmálanum.

„Í svona naumum meirihluta hefði maður átt von á því að það væru fleiri mál þar sem menn væru skýrari. Og það kemur ekki fram í þessum stjórnarsáttmála hvernig menn ætla að vinna úr þeim ágreiningi sem upp kann að koma.“ Þá segir hann kaflann um Evrópusambandsmál óskýran.

## Lækkun tryggingagjalds til góðs

**Halldór B. Þorbergsson**
*framkvæmdastjóri SA*



„Í fyrsta lagi fagna ég því að það sé komin ný ríkisstjórn. Það var orðið löngu tímabært,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Halldór segir að með stjórnarsáttmálanum sé búið að teikna upp grófa mynd en ýmis atriði eigi eftir að koma betur í ljós með tíð og tíma.

„Við hjá Samtökum atvinnulífsins fögnum sérstaklega boðaðri lækkun tryggingagjalds sem er löngu tímabær. Það er hins vegar lykilatriði í þessu máli hvenær, hvernig og hve mikið,“ segir Halldór Benjamín um nýja stjórnarsáttmálann.

## Vekur upp spurningar

**Sindri Sigurgeirsson**
*formaður Bændasamtakanna*



„Það sem er mikilvægast í stjórnarsáttmálanum er að ný stjórn ætlar að virða sáttina sem landbúnaðarmálin voru sett í af þinginu síðasta sumar,“ segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna.

Formaðurinn segir að það sé ýmislegt í stefnuyfirlýsingunni sem veki upp spurningar. Í því samhengi nefnir hann endurskoðun á ráðstöfun innflutningskvóta og greiningu á forsendum fyrir frávikum frá samkeppnislögum fyrir mjólkuriðnaðinn.

„Þetta kallar á fullt af spurningum sem ég mun vafalítið spyrja nýjan ráðherra að þegar hann tekur við,“ segir Sindri. „Hins vegar eru Bændasamtökin ávallt reiðubúin til að vinna að því með stjórnvöldum að efla íslenskan landbúnað.“








Bjarni Benediktsson, Óttar Proppé og Benedikt Jóhannesson undirrituðu stjórnarsáttmálann í Gerðarsafni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Landbúnaður njóti áfram ríkisstuðnings

**Verkefnum innanríkisráðuneytis verður skipt með tveimur ráðherrum. Forystumenn stjórnarflokkanna vilja samstarf við stjórnarandstöðuflokkana. Væntanlegur fjármálaráðherra vill hvorki almenna skattahækkun né skattalækkun.**

„Ég held að allir flokkarnir hafi verið samstíga um það að menn vildu ekki draga úr styrkjum almennt til landbúnaðar. Við teljum að það sé mikilvægt fyrir þjóðina að hér sé landbúnaður,“ sagði Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar og verðandi fjármálaráðherra. Hann segir nýja ríkisstjórn hins vegar leggja áherslu á að landbúnaður verði samkeppnishæfur og horft verði á hagsmuni neytenda. Bjarni Benediktsson, verðandi forsætisráðherra, upplýsti, þegar stjórnarsáttmálinn var kynntur í Gerðarsafni í gær, að tveir ráðherrar verði starfandi í innanríkisráðuneytinu.

Annars vegar dómsmálaráðherra en hinn verður með samgöngumál, fjarskiptamál og sveitarstjórnarmál á sinni könnu. Ráðherrar nýju ríkisstjórnarinnar verða því ellefu en tíu ráðherrar voru í stjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Bjarni vakti athygli á því að naumur meirihluti á Alþingi kalli á ný vinnubrögð. „Fyrir liggur að ríkisstjórnin mun styðjast við nauman meirihluta á Alþingi. Í því felst í sjálfu sér viss áskorun en það er líka ákall um það að menn horfi oftar fram hjá flokkslínum og leiti oftar eftir samstöðu á Alþingi.“

Bæði Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, og Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, tóku undir að naumur meirihluti myndi þýða meira samráð. Benedikt sagði mikilvægt að meirihlutinn á þingi myndi temja sér ný vinnubrögð gagnsæis, opnari stjórnsýslu og að bókhald ríkisins yrði opnað meira. „Og líka að við temjum okkur samstarf við minnihlutann. Að við reynum strax frá fyrstu stigum mála að hafa samstarf við minnihlutann þannig að hann geti komið athugasemdum að,“ sagði Benedikt.

Benedikt, sem er verðandi fjármálaráðherra, sagði að við núverandi aðstæður í efnahagsmálum yrði hvorki horft til almennra skattahækkana né víðtækra skattalækkana.

Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um það að unnið verði að því að draga úr þeim miklu sveiflum sem verið hafa á gengi krónunnar. Slíkar sveiflur stuðli að óstöðugleika og skýri að nokkru hvers vegna vextir eru að jafnaði hærri hér á landi en erlendis.

Þá segir að kostir núgildandi aflamarkskerfis séu mikilvægir fyrir áframhaldandi verðmætasköpun í sjávarútvegi. „Kannaðir verða kostir þess að í stað ótímabundinnar úthlutunar verði byggt á langtímasamningum og samhliða verði unnið að mati á þeim kostum sem tækir eru, svo sem markaðstengingu, sérstöku afkomutengdu gjaldi eða öðrum leiðum, til að tryggja betur að gjald fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind verði í eðlilegu hlutfalli við afrakstur veiðanna.“

**jonhakon@frettabladid.is**

### Gefur engar yfirlýsingar um stuðning fyrirfram

„Mér þykir stjórnarsáttmálinn frekar almennt orðaður og rýr í roðinu,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.

Á blaðamannafundinum þar sem sáttmálinn var kynntur sögðu forsvarsmenn nýrrar stjórnar að með bættum vinnubrögðum og samráði við minnihlutann yrði eins manns meirihluti ekki knappur. Logi segir að Samfylkingin sé ekki á þeim buxunum að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir stjórnina.



„Það er hlutverk stjórnarandstöðu að sýna aðhald. Við munum gera það en við þurfum að gera það ábyrgt,“ segir Logi. „Það geta alltaf komið upp mál sem við fylgjum innilega og frá hjartanu en við munum ekki gefa út neinar yfirlýsingar fyrirfram.“

„Mér finnst eins og Sjálfstæðisflokkurinn hafi fengið allt sem þeir vildu og við séum komin með einn stóran Sjálfstæðisflokk,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata. „Mér fannst vanta mjög mikið í þennan stjórnarsáttmála og ég er ekki að sjá neinar tekjuöflunarleiðir nema kannski helst bílastæðagjöld,“ segir Birgitta og spyr hvað eigi að gera í sjávarútvegsmálum og varðandi veiðileyfagjald.

Birgitta segir hefð fyrir því að stjórnarandstaðan vinni saman. „En ég geri ráð fyrir því, ef ég tala fyrir okkar flokk, að við höldum áfram að styðja góð mál og veita viðspyrnu gegn málum sem eru á móti okkar stefnu eða okkur finnst illa unnin,“ segir Birgitta. Hún segir að ef hin nýja stjórn vilji samstarf við stjórnarandstöðu verði stjórnarliðar að sýna það í verki. Á sama tíma átelur hún Benedikt Jóhannesson fyrir að hafa ekki orðið við beiðni um að halda fund í efnahags- og viðskiptanefnd um skýrslumálið svokallaða á meðan Bjarni Benediktsson var enn fjármála- og efnahagsráðherra.




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 81533 01/17

**Er París þín borg?**

París fer aldrei úr tísku. Þessi tigna og virðulega aðalsfrú kann svo sannarlega að meta listir, góðan mat, menningu – og er ávallt óaðfinnanleg í tauinu.

Bentu í austur. París bíður eftir þér.

Þú getur bæði notað og safnað Vildarpunktum um borð.

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.



Ekinn 7.500

**Audi Q5 quattro**
3.0TDi

2015 **8.690.000** KR

V6 dísil vél sem skilar 258 hestöflum. 18" álfelgur, dráttarkúla, panorama sólþak, rafdrifin opnun/lokun á afturhlera, nálgunarvarar í stuðurum, Milano leður, rafdrifin framsæti, inniljósapakki, samlitur, dökkar rúður, o.fl

4x4

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

**Margar stærðir, fleiri litir.**

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is



**VW Golf Trendline**
1.4TSI
2015 **2.640.000** KR
42



**Skoda Octavia Scout**
2.0TDI 184 hestöfl
2015 **5.190.000** KR
27 A 4x4



**Mitsubishi Pajero**
Instyle 3.2 DID
2014 **6.950.000** KR
41 A 4x4



**Mitsubishi Outlander**
Intense 2.2 DID
2015 **4.990.000** KR
49 A



**Skoda Fabia**
Abition 1.2TSI
2015 ~~2.690.000~~ KR
TILBOÐ **2.190.000** KR
13 A



**VW UP TakeUP**
1.0 MPI
2016 ~~1.790.000~~ KR
TILBOÐ **1.620.000** KR
0,5

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

Volkswagen · ŠKODA · MITSUBISHI MOTORS




## RÍKISSTJÓRNARSKIPTI



**Formenn flokkanna þriggja kynna stjórnarsáttmálann fyrir blaðamönnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stjórnarsáttmálinn og stefnan fyrir kosningar

**Nýr stjórnarsáttmáli Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar var kynntur í Gerðarsafni í gær. Fréttablaðið bar nokkra lykilþætti í stefnuyfirlýsingunni saman við stefnumál flokkanna, eins og þau voru kynnt fyrir kosningar.**

## Evrópumál

**xD** Sjálfstæðisflokkurinn áréttar að hagsmunir Íslands eru best tryggðir utan Evrópusambandsins. Aðildarviðræður má ekki hefja að nýju nema þjóðin verði fyrst spurð í beinni atkvæðagreiðslu hvort hún óski eftir aðild að ESB.

**xC** Aðild að Evrópusambandinu fylgja margir kostir sem styrkja stöðu Íslands og efla hagsæld. Þess vegna á að bera undir þjóðaratkvæði hvort ljúka eigi aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Viðreisn hvetur til þess að þeim viðræðum verði haldið áfram og lokið með hagfelldum aðildarsamningi.

**xA** Björt framtíð leggur áherslu á að landa góðum samningi við ESB sem þjóðin getur eftir upplýsta umræðu, samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá opnast leið til gjaldmiðilssamstarfs við Evrópska seðlabankann (ERM II), sem strax getur aukið stöðugleika. Svo getum við tekið upp evru þegar skilyrði skapast til þess. Það er auðvitað ekki töfralausn en þó að öllum líkindum sigurstranglegasta leiðin í átt að stöðugleika.

**Stjórnarsáttmálinn**
Komi fram þingmál um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við Evrópusambandið eru stjórnarflokkarnir sammála um að greiða skuli atkvæði um málið og leiða það til lykta á Alþingi undir lok kjörtímabilsins.

## Landbúnaðarmál

**xD** Nýta svigrúmið sem landbúnaðinum hefur verið gefið með búvörusamningunum og leggja drög að nýjum og fjölbreyttari búskaparháttum á grundvelli einkaframtaks og frjálsra markaðshátta og samkeppni milli landa sem innanlands.

**xC** Tollar og innflutningshöft á landbúnaðarvörur verði afnumin í skynsamlegum áföngum samtímis því að landbúnaðurinn stígur inn í samkeppnisumhverfi með breyttu stuðningskerfi. Mikilvægt er að ýta undir aukna fjölbreytni og nýsköpun í landbúnaði með stuðningi við hluti á borð við skógrækt, landgræðslu, vöruþróun, lokun framræsluskurða, smávirkjanir og ferðaþjónustu.

**xA** Landbúnaðarstefnan þarf jafnframt að taka tillit til neytenda. Jarðgæði og möguleikar til landbúnaðar eru ein auðlinda landsins og mikilvægt að gengið sé um hana og hún nýtt af ábyrgð. Þess vegna viljum við auka áherslur á styrki vegna landnotkunar, landbóta, umhverfismála og nýsköpunar.

**Stjórnarsáttmálinn**
Endurskoðun búvörusamnings verður grunnur að nýju samkomulagi við bændur sem miðað er við að ljúki eigi síðar en árið 2019. Stjórnvöld hvetja til að vægi almennari stuðnings verði aukið, en dregið úr sértækjum búgreinastyrkjum.

## Umhverfismál

**xD** Náttúruvá vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum verður að taka alvarlega og við þurfum að leggja okkar af mörkum í þeim efnum. Sjálfstæðisflokkurinn vill að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda með minni bruna og kolefnisbindingu með eflingu gróðurlenda.

**xC** Koma þarf á samræmdu kerfi grænna skatta sem fela í sér eðlilegar álögur á mengandi starfsemi en skapa jafnframt hvata til samdráttar í losun og annarra mótvægisaðgerða. Tryggt verði að sá sem mengar borgi.

**xA** Stefna Íslands í umhverfis- og náttúruverndarmálum sé metnaðarfull og skýrt grunnstef í allri annarri stefnumótun stjórnvalda. Við viljum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar og byggja upp grænt lágkolefnishagkerfi hérlendis sem byggir á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, fullnýtingu afurða, endurnýjanlegum orkugjöfum og öflugri nýsköpun á sviði líftækni og hugvits. Fjölbreyttir hvatar verði nýttir til að ýta undir að umhverfisvænsta lausnin verði alltaf sú hagkvæmasta.

**Stjórnarsáttmálinn**
Gerð verður aðgerðaáætlun í samræmi við Parísarsamkomulagið. Hún feli meðal annars í sér græna hvata, skógrækt, landgræðslu og orkuskipti í samgöngum. Unnið að eflingu græna hagkerfisins.

SUZUKI
Way of Life!

# LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG
# SUZUKI 4X4
















## SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN

**Fjölbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum í öllum stærðum og við allra hæfi.**

**Láttu ekkert stoppa þig.**

ALLGRIP
4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.

KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

KALT ÚTI
MÚR BÚÐAR VERÐ
20% AFSLÁTTUR
Ryco-1509 Olíufylltur 2000W rafmagnsofn m/termo stillingum og yfirhitavörn 9 þilja
8.990
7.192
25% AFSLÁTTUR
Ryco-2006T Rafmagnsþilofn Turbo með yfirhitavari 3 stillingar 2000w
4.990
3.743
INDUSTRIAL GRADE
Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa
6.890
Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa
8.890
Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa
12.830
Rafmagnshitablásari 2Kw
1.990
Klettháls 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

# Sessions sagði að af sér væri gerð skrípamynd

Sessions vék sér fimlega undan erfiðum spurningum bandarískrar þingnefndar um kynþáttafordóma, sem hann hefur áður þótt verða uppvís að. Hann sagði mynd sem dregin hafi verið upp af honum skrípamynd en ekki raunveruleika.


Jeff Sessions sór eið frammi fyrir þingnefnd. NORDICPHOTOS/GETTY

**BANDARÍKIN** Jeff Sessions, verðandi dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, sagðist í gær ekki haldinn neinum kynþáttafordómum er hann var spurður út í fyrri ummæli í þá veru.

Sessions sagðist jafnframt fyrirlíta Ku Klux Klan samtökin og hugmyndafræði þeirra. Ásakanir um að hann hafi einhvern tímann stutt þessi samtök hvítra kynþáttasinna séu úr lausu lofti gripnar.

Þetta sagði Sessions í yfirheyrslu á fundi þingnefndar sem hefur það hlutverk að staðfesta eða hafna tilnefningum í ráðherraembætti.

Fjórtán hundruð lagaprófessorar höfðu undirritað yfirlýsingu þar sem þeir hvöttu nefndina til að hafna Sessions, þannig að hann verði ekki dómsmálaráðherra.

Árið 1986 var honum hafnað í embætti dómara vegna gruns um að hann teldi hvítt fólk hafa yfirburði yfir annað fólk.

Þingnefndarfundurinn í gær var nokkrum sinnum truflaður af fólki í salnum sem gerði hróp að Sessions, sagði hann kynþáttahatara og fasista sem ætti ekki heima í ríkisstjórn.

Þá fullyrti Sessions að hann styðji fullt trúfrelsi og telji alls ekki að torvelda eigi múslimum sérstaklega að flytja til Bandaríkjanna.

Session sagði að árið 1986 hafi hann ekki mætt vel undirbúinn til þess að svara ásökunum um að hann sé haldinn kynþáttafordómum. Sú mynd sem dregin hafi verið upp af honum hafi verið skrípamynd og það hafi verið mjög sársaukafullt. Hann sagðist gera sér fulla grein fyrir því að í Suðurríkjum Bandaríkjanna hafi verið stunduð kerfisbundin mismunun gegn þeldökku fólki: „Ég veit að það var rangt. Ég veit að við verðum að gera betur. Við getum aldrei snúið til baka.“

Sessions sagðist jafnframt ekki mundu taka þátt í málshöfðun gegn Hillary Clinton, sem bæði hann sjálfur og Donald Trump höfðu boðað fyrir kosningarnar í nóvember.

„Ég tel að það væri rétt að ég taki ekki þátt í neinum umræðum um slíkar rannsóknir á hendur Clinton,“ sagði hann við þingnefndina.

gudsteinn@frettabladid.is


Stjórnvöld í Sviss mega skylda múslimastúlkur í sund með strákum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sundkennsluskylda í Sviss er ekki mannréttindabrot

**SVISS** Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld í Sviss hafi verið í fullum rétti þegar þau höfnuðu beiðni foreldra tveggja stúlkna um undanþágu frá sundkennslu.

Foreldrar stúlknanna eru múslimar og töldu það brjóta gegn trú sinni að láta stúlkurnar vera í sameiginlegum sundtímum með strákum.

Mannréttindadómstóllinn segir það vissulega rétt að með því að skylda stúlkurnar til að vera í sundi sé brotið gegn trúfrelsi þeirra. Hins vegar hafi það verið gert í samræmi við landslög og markmiðið sé fyllilega réttmætt, nefnilega að vernda erlenda nemendur gegn félagslegri útskúfun.

Dómstóllinn segir það vera stúlkunum í hag að taka fullan þátt í náminu, enda snúist sundnámið ekki bara um að læra að synda heldur sé það líka liður í því að auðvelda þeim aðlögun að samfélaginu.

Auk þess hafi þeim verið boðið upp á ýmsar lausnir til að auðvelda þeim þátttökuna, þar á meðal hafi þær mátt vera í sundfötum sem hylja megnið af líkamanum, svokölluðu búrkíníi. – gb

# Fáir Svíar dæmdir fyrir barnaklám

**SVÍÞJÓÐ** Fimmtán þúsund Svíar hafa undanfarið ár hlaðið niður hreyfimyndum af nauðgunum á börnum og annars konar kynferðisofbeldi gagnvart þeim, að því er rannsókn Sænska Dagbladsins og Aftonbladet sýnir.

Haft er eftir yfirmanni hjá lögreglunni að vitað sé að brotin eru miklu fleiri. Aðeins 119 voru dæmdir árið 2015, þar af 20 í fangelsi. Samkvæmt sænskum lögum er bannað að hafa undir höndum barnaklám, dreifa því og horfa á það.

Lögreglan segir að í lögunum sé litið svo á að ekki sé um neinn málseiganda að ræða þegar efninu er hlaðið niður. Litið er svo á að um sé að ræða brot gegn ríkinu en ekki börnunum sem beitt eru ofbeldinu. Hætta sé þess vegna á að málin séu lögð niður eða fyrnist.

Hámarksrefsing fyrir það sem metið er vægt barnaklám er sex mánaða fangelsi. Sá sem truflar guðsþjónustu getur átt á hættu jafnlanga fangelsisvist. – ibs


Grindarbotn kvennaheilsa
• Finnur þú fyrir veikleika í grindarbotni, eins og áreynsluþvagleka, þreytu eða þyngslatilfinningu í grindarbotninum?
• Finnur þú fyrir tíðri þvaglátsþörf og tíðum þvaglátum?
• Ertu með varnarspennu eða verki í grindarbotni og óþægindi vegna þess?
Ef svo er áttu erindi til okkar.
Tvö 10 vikna námskeið hefjast í Hlíðasmára 15, Kópavogi, miðvikudaginn 18. janúar: kl. 16.30 og 17.30
Takmarkaður fjöldi. Ef ekki næst full þátttaka verða námskeið felld niður eða sameinuð.
Leiðbeinendur: Þorgerður Sigurðardóttir og Guðrún Magnúsdóttir sjúkraþjálfarar
Skráning og nánari upplýsingar: grindarbotn@gmail.com eða í síma 564-5442
TÁP SJÚKRAÞJÁLFUN



GERÐU ÞIG AÐ
**VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

# SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

Tvær öflugar og sérlega áhugaverðar námsbrautir fyrir þá sem vilja afla sér yfirgripsmikillar þekkingar á stuttum tíma.

STAÐKENNSLA

FJARKENNSLA Í BEINNI

EQM VOTTUN

## MARKAÐS- OG SÖLUNÁM – hraðferð

**Með sérstakri áherslu á stafræna markaðssetningu.** Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er. Nemendur fara m.a. yfir námstækni, sölutækni, markaðsfræði, Google AdWords, Google Analytics og Facebook sem markaðstæki.

Hefst **14. febrúar** • **Kvöldhópur** • Ein önn

### UPPLIFUN NEMENDA

„Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.“
**Sonja G. Ólafsdóttir, markaðs- og sölunám.**

„Lærði m.a. um markaðssetningu á netinu sem opnaði fyrir mér mjög skemmtilegan heim. Ég starfa í heilbrigðisgeiranum og langaði að bæta við mig þekkingu í markaðs- og sölufræðum. Námið var fjölbreytt og skemmtilegt og kennslan öll til fyrirmyndar.“
**Birna Berndsen, markaðs- og sölunám**

NÝTT | EINSTAKT VERÐ

## SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

Sérlega víðtæk tveggja anna námsbraut unnin í samstarfi við Framvegis – miðstöð símenntunar. Fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með því að öðlast hagnýta þekkingu á sölu-, markaðs- og rekstrarmálum.

FRAMVEGIS Miðstöð símenntunar

**EINSTAKT VERÐ**
Námið er styrkt af Fræðslusjóði. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysiöflugu námsbraut á hreint ótrúlegu verði eða aðeins **84.000 kr.** (heildarvirði er 580.000 kr.).

**FYRIR HVERJA?**
Námið er ætlað fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

**MIKILL SVEIGJANLEIKI Í NÁMINU**
Kennslufyrirkomulagið er nýstárlegt og skemmtilegt. Auk hefðbundinnar staðkennslu og fjarkennslu í beinni útsendingu er lögð sérstök áhersla á vendinám sem gefur nemendum tækifæri til að læra á eigin forsendum.

Hefst **14. febrúar** • **Kvöldhópur** • Tvær annir

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 165555
Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Hugsjónir á ís



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Frosthörkurnar sem gengið hafa yfir meginland Evrópu að undanförnu og ekki sér fyrir endann á virðast eiga sér táknræna hliðstæðu í íslenskum stjórnmálum. Að minnsta kosti ef horft er til kynningar á nýjum stjórnarsáttmála sem fram fór í Gerðarsafni í gær. Út frá þeim sáttmála þá virðist Bjarni Benediktsson, væntanlegur forsætisráðherra, hafa haft bæði tögl og hagldir í samningunum við Bjarta framtíð og Viðreisn. Tvo Evrópusinnaða flokka, Viðreisn er skilgetinn afkomandi Evrópudraumsins, sem samþykktu að halda málinu á ís.

Það mun vora á meginlandi Evrópu, blessunarlega, en samkvæmt sáttmálanum verður málið á ís allt fram á seinni hluta kjörtímabilsins. Óttarr Proppé tók ómakið af Benedikt með því að svara fyrir þessa stefnu og sagði alla káta með niðurstöðuna í ljósi óvissunnar í Evrópu um þessar mundir. Af hverju í ósköpunum er þetta þá lykilatriði á stefnuskrá flokkanna ef viljinn er ekki meiri en þetta?

Það getur verið ágætt að hafa í huga hvernig Björt framtíð og Viðreisn skilgreindu sig á rófi stjórnmálanna fyrir kosningar. Það er því erfitt að verjast þeirri hugsun þegar stjórnarsáttmálinn er skoðaður að leiðin að þessu stjórnarsamstarfi felist í því, að stóru mál tvíburabandalags Viðreisnar og Bjartrar framtíðar verði tekin til skoðunar svona þegar á líður. Ekki verður hróflað við fjárlögunum sem Bjarni tekur með sér í forsætisráðuneytið en Benedikt fær að byrja að vinna að fimm ára áætlun, á fjögurra ára kjörtímabili, og á því eflaust eftir að hafa ærinn starfa.

Og það veit þjóðin að það bíður væntanlegs heilbrigðisráðherra, Óttars Proppé, gríðarleg áskorun við að endurreisa heilbrigðiskerfið. Til þess þarf meira en langtímaáætlun um nýjan meðferðarkjarna við Hringbraut og að „auka virkni“ kerfisins svo vitnað sé til orða Óttars. Starfsfólk heilbrigðiskerfisins hlýtur að finna kuldahroll við þessi orð, „aukin virkni“, svona ef horft til þess sem það hefur mátt þola mörg undangengin ár. Til þess að endurreisa heilbrigðiskerfið þarf fjármagn og það þolir enga bið. Fjármagn sem hlýtur að vera til fyrst að hér er geðveikt góðæri.

Þannig virðast það ekki aðeins eiga að vera Evrópumálin sem eiga að húka áfram á köldum klaka. Mikill styr hefur staðið um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál en þaðan er tæpast stórtíðinda að vænta sem felur kannski í sér ákveðinn létti fyrir stóra aðila á þeim mörkuðum. Málin verða könnuð, skoðuð, rædd og jafnvel sett í nefnd þegar frá líður. Þetta er svo kunnuglegt að þetta gæti fjallað um stjórnarskrármálið.

Frystitækni væntanlegrar ríkisstjórnar virðist líka ná til þeirra sem hvað verst eru settir í íslensku samfélagi á borð við öryrkja og hina verst settu á meðal aldraðra. Þessum hópum hlýtur stundum að líða dáldið eins og þeim Estragon og Vladimir í Beðið eftir Godot eftir Beckett: „Ekkert gerist, enginn kemur, enginn fer, þetta er hræðilegt.“ Málið er að staða þeirra verst settu batnar ekkert þó svo betur gert við þá sem hafa starfsorku, starfsgetu og tækifæri. Það er aðeins takmarkaður hluti sem nýtur slíkrar áætlaðrar hagræðingar og fólk á að fá að lifa með reisn en ekki við að bíða úti í kuldanum eftir mannsæmandi kjörum.

**Málin verða könnuð, skoðuð, rædd og jafnvel sett í nefnd þegar á líður.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Nafn á nýja stjórn**

**Nú þegar ný ríkisstjórn er við það að taka við völdum eru menn að velta fyrir sér nöfnum á nýju stjórnina. Sagt er að þeir sem standi að stjórnarmynduninni vilji oft hafa áhrif á nafngiftina með vali á stað þar sem stjórnarsáttmáli er myndaður. Það var kannski þess vegna sem Bjarni og Sigmundur Davíð fóru að Laugarvatni eftir þingkosningarnar 2013, Geir Haarde og Ingibjörg Sólrún fóru til Þingvalla vorið 2007 og Jón Baldvin Hannibalsson og Davíð Oddsson sigldu til Viðeyjar vorið 1991.**

**Engeyjarstjórnin**

**Nú hafa menn velt fyrir sér nafni á nýju stjórnina sem þeir frændur, Bjarni Benediktsson og Benedikt Jóhannesson, mynda með Óttari Proppé. Þeir þremenningar völdu að skrifa undir sáttmálann í Gerðarsafni í Kópavogi. Bæjarstjóranum, Ármanni Kr. Ólafssyni, finnst viðbúið að nýja stjórnin verði kölluð Kópavogsstjórnin. En það má velta því fyrir sér hvort ekki hefði alveg eins mátt sigla út á Kollafjörðinn, í átt til Engeyjar, til að skrifa undir sáttmálann. Því viðbúið er að nafnið Engeyjarstjórnin festist við nýju stjórnina, hvort sem forystumönnum hennar líkar það betur eða verr.**

jonhakon@frettabladid.is

## Hvað segir þú, skíthæll?



Daníel Þórarinsson
skógarbóndi

Það er eitt af einkennum þeirra sem stunda einelti að þeir kannast ekki við að ástunda það og finnst ásakanir um slíkt út í hött. Það er þannig með RÚV, stofnunin kannast ekki við að hafa lagt Sigmund Davíð Gunnlaugsson í einelti. Þó vita allir sem vilja vita að það hófst löngu áður en hin svokölluðu Panamaskjöl komu til sögunnar. Mörgum er væntanlega í fersku minni viðtal sem Sigmar Guðmundsson tók við Sigmund fyrir kosningarnar 2013 og síspurði sömu spurningarinnar þrátt fyrir að Sigmundur hefði jafn oft gefið skýr svör við henni. Í grein sem Sigmundur skrifaði í Mbl. nýlega rifjar hann upp ýmis samskipti við fréttafólk RÚV. Þar kemur m.a. fram að hann hafi fengið skilaboð um að hringja í fréttamann á Útvarpinu til að svara spurningum um Icesave-málið. Hann hringdi og þegar fréttamaðurinn svaraði heilsaði hann með því að segja: „Hvað segir þú, skíthæll?“

Einelti fréttastofu RÚV á Sigmund Davíð hafði staðið yfir í mörg ár þegar hún tók þátt í lymskulegri aðför að forsætisráðherranum með viðtali í ráðherrabústaðnum og hefur ekki borið kinnroða yfir því eða þeirri staðreynd að láta fórnarlambið útvega aftökustaðinn. Það sem eftir stendur af því illvirki er að Sigmundur Davíð höndlaði viðtalið í Kastljósi hörmulega illa og hefur goldið fyrir með embætti og æru en hefur þó ekki verið sakaður um neitt saknæmt. Málið er hvergi til umfjöllunar nema hjá RÚV, sem nýtir hvert tækifæri til að rifja það upp í þeim eina tilgangi að berja enn frekar á Sigmundi.

Skemmst er að minnast viðtals sem fréttamaður RÚV á Norðurlandi, Sunna Valgerðardóttir, óskaði eftir þegar haldið var upp á 100 ára afmæli flokksins. Hún hafði hins vegar engan áhuga á þessu merka afmæli elsta stjórnmálaflokks landsins heldur var tilgangurinn sá einn að berja meira á Sigmundi Davíð. Fréttastofu RÚV dugir ekki að fella manninn heldur sparkar í hann liggjandi hvenær sem tækifæri gefst.

Mér finnst framkoma fréttastofunnar vera henni til skammar, hvað finnst þér?

**Einelti fréttastofu RÚV á Sigmund Davíð hafði staðið yfir í mörg ár þegar hún tók þátt í lymskulegri aðför að forsætisráðherranum með viðtali í ráðherrabústaðnum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Löggjöf um líffæragjafir: Er franska leiðin skynsamleg fyrir Íslendinga?



**Runólfur Pálsson**
læknir og umsjónarmaður líffæraígræðsluteymis Landspítala; situr í samráðshópi Embættis landlæknis um líffæraígræðslur



**Birgir Jakobsson**
landlæknir

Að undanförnu hefur verið talsverð umfjöllun um líffæragjafir í fjölmiðlum í tilefni af lagabreytingu í Frakklandi á þann veg að allir þegnar séu sjálfkrafa líffæragjafar við andlát, hafi þeir ekki áður lýst sig andvíga með skriflegri yfirlýsingu. Ýmsir hafa haldið fram þeirri skoðun að við Íslendingar ættum að fara sömu leið og Frakkar svo unnt sé að mæta skorti á líffærum til ígræðslu. Opinber umræða um líffæragjafir er mikilvæg því hún getur stuðlað að fjölgun líffæragjafa. Á hinn bóginn er þetta viðkvæmt mál og nauðsynlegt að öllum sé ljóst hvaða afleiðingar breyting á löggjöf hefur í för með sér.

**Lög um líffæragjafir**

Í Frakklandi hefur lengi verið við lýði löggjöf um líffæragjafir sem byggir á ætluðu samþykki. Samkvæmt henni var gert ráð fyrir að fólk væri reiðubúið að gefa líffæri sín, en engu að síður þurfti að hafa samráð við aðstandendur. Samkvæmt nýju lögunum þarf hins vegar ekki lengur að leita til aðstandenda í því skyni að kanna afstöðu hins látna til líffæragjafar. Haldin verður skrá yfir andvíga, en óvíst er að hún muni nægja til að tryggja rétt þeirra sem ekki vilja gefa líffæri sín. Lögin eru því umdeild, ekki síst vegna ótta við alvarlegur ágreiningur við fjölskyldu hins látna geti skapast. Meðal flestra annarra þjóða er leitað til ættingja þótt lög feli í sér ætlað samþykki og er það víðast hvar lagaleg skylda.

Á Íslandi voru sett lög um ákvörðun dauða og brottnám líffæra til ígræðslu árið 1991 og byggja þau á upplýstu samþykki, en þá er gengið út frá því að hinn látni væri andvígur líffæragjöf nema hann hefði áður lýst yfir vilja til að gefa líffæri sín. Löggjöf Dana er hliðstæð okkar en Finnar, Norðmenn og Svíar búa við ætlað samþykki eins og meirihluti Evrópuþjóða. Nýlega var lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingu á lögunum um brottnám líffæra úr upplýstu í ætlað samþykki en það hlaut ekki brautargengi. Áform munu vera um að leggja slíkt frumvarp fram að nýju.

> Margvíslegar leiðir hafa verið reyndar til að fjölga líffæragjöfum og hefur reynslan verið best þar sem beitt hefur verið fjölþættu átaki.

**Leiðir til að fjölga líffæragjöfum**

Deilt hefur verið um hvort lagaleg umgjörð hafi áhrif á fjölda líffæragjafa. Það er óneitanlega vísbending í þá átt að tíðni líffæragjafa er áberandi hærri í löndum þar sem lög fela í sér ætlað samþykki. Á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á með vissu að breyting úr upplýstu í ætlað samþykki leiði til fjölgunar gjafa. Þetta er þó ekki auðvelt að meta því að oftast hefur verið ráðist í aðrar aðgerðir samhliða lagabreytingu.

Margvíslegar leiðir hafa verið reyndar til að fjölga líffæragjöfum og hefur reynslan verið best þar sem beitt hefur verið fjölþættu átaki. Auk löggjafar sem byggir á ætluðu samþykki hefur almenningsfræðsla og leiðir sem stuðla að umræðu innan fjölskyldunnar reynst hafa mikla þýðingu. Einnig hefur öflugt skipulag og umgjörð um líffæragjafaferlið gefið góða raun. Athyglisvert er að opinber skrá um vilja til að gefa líffæri eða hið gagnstæða hefur hvergi náð flugi. Hér á landi hefur verið farin fremur einföld leið þar sem fólk getur skráð vilja sinn til líffæragjafar á vef Embættis landlæknis (https://donor.landlaeknir.is) og á www.heilsuvera.is. Standa vonir til að hún muni skila árangri.



**Er ástæða til að breyta íslensku löggjöfinni?**

Hérlendis hefur sýnt sig að stór hluti almennings er hlynntur líffæragjöf við andlát. Flestir virðast telja það eðlilegt viðhorf, enda geta allir einhvern tíma þurft á líffæraígræðslu að halda og því eðlilegt að þeir sem sækjast eftir slíkri meðferð séu jafnframt reiðubúnir að gefa líffæri sín. En þetta gildir ekki um alla og geta ýmsar ástæður legið að baki, m.a. menningarlegur bakgrunnur og trúarskoðanir.

Það er mat okkar að það sé óskynsamlegt að ganga jafnlangt og Frakkar með nýjum lögum um líffæragjafir. Engu að síður er fyllsta ástæða til að íslenskri löggjöf verði breytt í átt að ætluðu samþykki þar sem það speglar vilja þorra þjóðarinnar. En jafnframt verður að vernda rétt allra einstaklinga til ákvörðunar um eigin hagi.




Ef þú ert að leita að rúmgóðum bíl er Golf Variant Metan svarið. Hann er umhverfisvænn, fær frítt í stæði, gengur bæði fyrir metani og bensíni og kemur þér allt að 1.300 km á áfyllingunni. Skiptu yfir í Golf Variant Metan og láttu fara vel um þig og þína.

**Golf Variant Trendline 1.4 TGI Metan beinskiptur:**
**3.190.000 kr.**
**Sjálfskiptur: 3.390.000 kr.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



# HVERT ÆTLAR ÞÚ

## MIKIÐ ÚRVAL GISTINGA — BETRI VERÐ Á RA

NÝJAR GISTINGAR

### TENERIFE 16.–24. ÁGÚST



**HOTEL ISABEL** ★★★★
Verð frá **88.700 KR.*** / 125.900 KR.**

**THE SUITES AT BEVERLY HILLS** ★★★
Verð frá **77.900 KR.*** / 104.900 KR.**

**HOVIMA PANORAMA** ★★★
Verð frá **86.900 KR.*** / 108.900 KR.** MEÐ MORGUN-VERÐI

EIN EYJA MARGIR STAÐIR

### GRAN CANARIA 28. JÚNÍ – 5. JÚLÍ



**TAURITO PRINCESS** ★★★★
Verð frá **99.900 KR.*** / 126.900 KR.** ALLT INNIFALIÐ

**PARQUE CRISTOBAL** ★★★
Verð frá **72.900 KR.*** / 87.200 KR.**

**TENEGUIA** ★★
Verð frá **57.700 KR.*** / 69.600 KR.**

ALLT FYRIR ALLA

### MALLORCA 29. MAÍ – 8. JÚNÍ 10 DAGAR



**BARCELO PUEBLO PARK** ★★★★
Verð frá **85.700 KR.*** / 124.900 KR.** MEÐ HÁLFU FÆÐI

**CABAU AQUASOL** ★★★★
Verð frá **77.900 KR.*** / 110.200 KR.**

**VIVA CAN PICAFORT** ★★★★
Verð frá **83.700 KR.*** / 141.500 KR.**



### BÚDAPEST 8.–12. MARS

VERÐ FRÁ **87.800 KR.**

**RADISON BLU** ★★★★
Tvíbýli fyrir 2 með morgunmat.



### VERONA 3.-6. MARS

VERÐ FRÁ **97.900 KR.**

**HOTEL MAXIM** ★★★★
Tvíbýli fyrir 2 með morgunmat



### THAILAND Í APRÍL

VERÐ FRÁ **299.900 KR.**

**FRAMANDI SLÓÐIR Í 14 DAGA**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

ÚRVAL ÚTSÝN

# Ú Í SUMARFRÍINU?

## AUÐUM DÖGUM — NÁNAR Á UU.IS

FLOTT FYRIR FJÖLSKYLDUR

### ALMERIA 26. MAÍ – 2. JÚNÍ



**PLAYA CAPRICHIO** ★★★★
Verð frá **64.900 KR.*** / 78.300 KR.**

**ZORAIDA GARDEN** ★★★★
Verð frá **99.900 KR.*** / 125.200 KR.** ALLT INNIFALIÐ

**PROTUR ROQUETAS HOTEL & SPA** ★★★★
Verð frá **103.700 KR.*** / 124.300 KR.**

FALLEGUR STRANDBÆR

### ALBIR 16.–23. MAÍ



**LAS TERRAZAS DEL ALBIR** ★★★★
Verð frá **59.900 KR.*** / 74.500 KR.**

**CAP NEGRET** ★★★★
Verð frá **79.400 KR.*** / 81.500 KR.**

**ALBIR PLAYA** ★★★
Verð frá **69.900 KR.*** / 87.400 KR.** MEÐ MORGUNVERÐI

FJÖRUGT STRANDLÍF

### BENIDORM 29. ÁGÚST – 6. SEPT.



**HOTEL BALI** ★★★★
Verð frá **86.900 KR.*** / 113.800 KR.** MEÐ HÁLFU FÆÐI

**HOTEL OASIS PLAYA** ★★★
Verð frá **82.500 KR.*** / 103.100 KR.** MEÐ MORGUNVERÐI

**HALLEY** ★★
Verð frá **69.500 KR.*** / 94.500 KR.**

Athugið, með fyrirvara um prentvillur.

* VERÐ Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
** VERÐ Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA



### DUBAI Í MARS
VERÐ FRÁ **199.900 KR.**
**HOTEL ATLANTIS** ★★★★
Verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn með hálfu fæði.



### GOLFFERÐIR TIL SPÁNAR
VERÐ FRÁ **199.900 KR.**
Ótakmarkað golf og **allt innifalið** m.v. 4 í íbúð.



### SKÍÐAFRÍ TIL ÍTALÍU
VERÐ FRÁ **138.900 KR.**
**ALLRA SÍÐUSTU SÆTIN Í VETUR**

**Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Nýjast

**China Cup**

**Kína - Ísland 0-2**

0-1 Kjartan Henry Finnbogason (64.), 0-2 Aron Sigurðarson (88.).

**Byrjunarlið Íslands:** Hannes Þór Halldórsson - Birkir Már Sævarsson, Kári Árnason (fyrirliði), Jón Guðni Fjóluson, Kristinn Jónsson (59. Böðvar Böðvarsson) - Arnór Smárason (59. Kjartan Henry Finnbogason), Guðlaugur Victor Pálsson, Björn Daníel Sverrisson (73. Aron Sigurðason), Theodór Elmar Bjarnason (76. Óttar Magnús Karlsson) - Elías Már Ómarsson (90. Albert Guðmundsson), Björn Bergmann Sigurðarson (90. Orri Sigurður Ómarsson).

**Enski deildabikarinn**

**Man. Utd - Hull 2-0**

1-0 Juan Mata (56.), 2-0 Maraoune Fellaini (87.).

Man. Utd er í góðri stöðu eftir 2-0 sigur á Hull í fyrri leik liðanna í undanúrslitum enska deildabikarsins. Seinni leikurinn fer fram fimmtudaginn 26. janúar.

### VIGNIR EKKI MEÐ GEGN SPÁNI

Útséð er með þátttöku línumannsins Vignis Svavarssonar í leiknum gegn Spánverjum á morgun. Vignir veiktist á meðan íslenska landsliðið dvaldi í Danmörku í síðustu viku. Hann var sendur heim og fór ekki með íslenska liðinu til Frakklands. Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Geir Sveinsson landsliðsþjálfari að Vignir hafi fengið erfiða flensu en það væri þó bót í máli að aðrir leikmenn hefðu ekki smitast af henni. „Því miður lítur það þannig út að hann eigi einhverja daga eftir og ég held að það sé ljóst að hann sé ekki að fara að spila á móti Spánverjum,“ sagði Geir.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.05 | Snæfell - Skallagrímur | Sport 2 |
| 19.40 | Southamp. - Liverpool | Sport |

**Domino's-deild kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Stjarnan - Keflavík | Ásgarður |
| 19.15 | Haukar - Grindavík | Ásvellir |
| 19.15 | Valur - Njarðvík | Valshöllin |




## Það kvað vera skorað í Kína



**Fyrsta landsliðsmarkið** Kjartan Henry Finnbogason fagnar fyrra marki Íslands í 2-0 sigri á Kína á æfingamóti í Nanning í gær. Kjartan Henry, sem er þrítugur, var að spila sinn fimmta landsleik, en þetta var fyrsta landsliðsmarkið hans. Strákarnir okkar leika til úrslita í Kínabikarnum á sunnudaginn gegn annaðhvort Síle eða Króatíu en þau mætast í hinum undanúrslitaleiknum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Þetta er ógeðslega leiðinlegt

**Aron Pálmarsson kom með íslenska landsliðinu til Metz. Það er ekki enn ljóst hvort hann spilar með landsliðinu á HM. Hann fékk sprautu fyrir um viku sem hann vonast til að hjálpi sér að geta spilað á mótinu.**

FRANCE 2017 HANDBALL



Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Þegar aðeins einn dagur er í að Ísland hefji leik á heimsmeistaramótinu í Frakklandi er enn óvissa um hverjir muni spila fyrir liðið.

Stærsta spurningarmerkið er auðvitað stjarna liðsins, Aron Pálmarsson, en hann er þó kominn til Frakklands og æfði með liðinu í gær. Vignir Svavarsson er enn á Íslandi veikur og Stefán Rafn Sigurmannsson kom til Frakklands vegna meiðsla Bjarka Más Elíssonar. Stríðsjálkarnir Arnór Atlason og Ásgeir Örn Hallgrímsson virðast þó vera klárir í bátana.

„Ég er búinn með eina æfingu hérna þar sem ég beitti mér svona 70-80 prósent. Þetta gekk svona allt í lagi. Sumt var í lagi en ég var verri í ákveðnum hreyfingum. Ég fékk svo sprautu fyrir um viku og við erum að bíða eftir að virknin í henni „kikki“ almennilega inn,“ sagði Aron eftir æfingu íslenska liðsins í Metz í gær, en hann segist vera í kappi við tímann og ómögulegt að segja hvernig hans mál endi.

„Kannski verð ég miklu betri á morgun og svo kannski ekki. Ég vonast eftir hinu besta. Ég er svipaður og ég var eftir æfingar síðast en öðruvísi samt út af sprautunni. Vonandi skilar sprautan sínu og það heldur bjartsýninni gangandi.“

Það þarf auðvitað ekkert að fjölyrða um mikilvægi Arons í íslenska liðinu. Hann er besti leikmaður þess og það yrði gríðarlegt högg ef hann spilar ekki. Kemur til greina að hann sleppi fyrstu leikjunum og komi svo inn jafnvel um miðja riðlakeppnina?

„Það er auðvitað möguleiki að sleppa fyrsta eða jafnvel tveim fyrstu. Á meðan möguleikinn er fyrir hendi að ég geti spilað þá mun ég vera hérna. Ef ég verð ekki orðinn nógu góður fyrir þriðja eða fjórða leik þá hef ég ekkert að gera hérna. Það er erfitt að segja eitthvað því ég veit svo lítið sjálfur. Þetta er bara bið,“ segir Aron og það leynir sér ekki að þetta ástand fer í taugarnar á honum.



**Aron Pálmarsson hefur glímt við erfið nárameiðsli.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Ég er orðinn mjög pirraður á þessu því þetta er búið að standa yfir allt of lengi. Það versta fyrir íþróttamann er að vera meiddur og þetta er ógeðslega leiðinlegt. Annaðhvort í spesæfingum eða horfa á hina æfa. Það fer í hausinn á manni en ég reyni að tækla þetta eins vel og ég get. Þessi meiðsli eru búin að vera að plaga mig síðan í byrjun nóvember.“

Íslenska liðið æfir aftur í dag og eftir æfingu dagsins ætti að koma í ljós hvort Aron verði klár í fyrsta leik gegn Spánverjum eður ei.






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. janúar 2017 | 1. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL


# Takk, en nei takk

Frost í viðræðum Kaupþings og lífeyrissjóða um kaup í Arion banka. Nánast útilokað að sjóðirnir kaupi í lokuðu útboði þar sem of mikið ber í milli í verðhugmyndum. Býðst þess í stað að taka þátt sem hornsteinsfjárfestar í almennu útboði. Erfitt að selja hlut í lokuðu útboði vegna forkaupsréttar ríkisins. »4







»2
**Eiga 23% í Heimavöllum**
Sameining Heimavalla og Ásabyggðar gekk í gegn rétt fyrir áramót. Hjónin Finnur Reyr Stefánsson og Steinunn Jónsdóttir og viðskiptafélagi þeirra, Tómas Kristjánsson, eru stærstu eigendur sameinaðs leigufélags.

»6
**Kína og Bitcoin**
Þess vegna hafa kínverskir fjárfestar reynt að fara í kringum gjaldeyrishöftin með því að kaupa Bitcoin.

Stjórnarmaðurinn

»8
**Horfir til bóta**
Heilbrigður hlutabréfamarkaður byggist á því að jafnvægi sé milli einkafjárfesta og þeirra sem kalla mætti stofnanafjárfesta.







Björn Hóarsson og synir hans, Kári og Steinar, eiga allt hlutafé Extreme Iceland.

# Söluferli Extreme Iceland frestað fram í mars

Eigendur Extreme Iceland tóku fyrir áramót ákvörðun um að fresta söluferli þar sem bjóða átti fjárfestum að kaupa allt frá minnihlutaeign í ferðaþjónustufyrirtækinu og upp í allt hlutafé þess. Er nú horft til þess að fjárfestakynning í gegnum Fyrirtækjaráðgjöf Virðingar fari fram í byrjun mars eða eftir að ársreikningur Extreme Iceland fyrir árið í fyrra liggur fyrir.

**Við ætlum að hafa reikninginn kláran 15. febrúar og þá tekur við uppfærsla á áreiðanleikakönnun.**

Kári Björnsson, framkvæmdastjóri Extreme Iceland

„Við ætlum að hafa reikninginn kláran 15. febrúar og þá tekur við uppfærsla á áreiðanleikakönnun og þá verður þessi kynning 1. mars í gegnum Virðingu," segir Kári Björnsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda Extreme Iceland, í samtali við Markaðinn.

Útlit er fyrir að tekjur Extreme Iceland, sem hóf starfsemi árið 2010, í fyrra hafi numið um 2,5 milljörðum króna og því fimmfaldast á einungis tveimur árum. Björn Hróarsson, stjórnarformaður fyrirtækisins, stofnaði félagið og er það í dag í eigu hans og sona hans, Kára og Steinars, í gegnum félag þeirra Umbrella ehf. Samkvæmt ársreikningi Extreme Iceland fyrir 2015 var fyrirtækið þá rekið með 108 milljóna króna hagnaði samanborið við 15 milljónir árið áður. Extreme Iceland býður meðal annars upp á norðurljósa-, jökla og jeppaferðir. – hg

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Ritstjóri: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

Atvinnueign Fasteignamiðlun
Halldór Már Sverrisson
Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari
898 5599
halldor@atvinnueign.is



Verslunarrými til leigu



FAXAFEN 12 - STÆRÐ 303 fm.
Til leigu 303 fm verslunarrými að Faxafen 12 með vöruhurð. Húsnæðið er opið með stórum gluggum. Mikill sýnileiki frá götu. Laust strax.



BÍLDSHÖFÐI 14 - STÆRÐ 210 fm
Til leigu 210 fm verslunarrými skiptist í opið verslunar- / lagerrými með lagerhurð, kaffiaðstöðu og snyrtingu. Laust strax.
Upplýsingar veitir Halldór Már s:898 5599
Atvinnueign - Síðumúla 13, 108 Rvk. - www.atvinnueign.is




Leigufélagið Heimavellir sameinaðist Ásabyggð rétt fyrir síðustu áramót og úr varð stærsta leigufélag landsins.

# Stærst í leigurisa með bréf fyrir 3,1 milljarð

**Fjárfestarnir Finnur Reyr Stefánsson, Steinunn Jónsdóttir og Tómas Kristjánsson eiga alls 23 prósent í Heimavöllum eftir sameininguna við Ásabyggð. Leigufélagið á um tvö þúsund íbúðir um allt land og er metið á 13,5 milljarða króna.**



Finnur Reyr Stefánsson fjárfestir



Tómas Kristjánsson fjárfestir

Viðskiptafélagarnir Tómas Kristjánsson og hjónin Finnur Reyr Stefánsson og Steinunn Jónsdóttir eru stærstu eigendur Heimavalla og eru hlutabréf þeirra í leigufélaginu metin á 3,1 milljarð króna. Fjárfestingarfélög þeirra fóru inn í hluthafahópinn rétt fyrir áramót og eignuðust þau þá alls 23,2 prósenta hlut í Heimavöllum sem varð á sama tíma að langstærsta leigufélagi landsins með um tvö þúsund íbúðir um allt land.

Þetta má lesa úr nýjum hluthafalista Heimavalla sem dagsettur er 2. janúar og Markaðurinn hefur undir höndum. Samkvæmt honum leiddi sameining félagsins við leigufélagið Ásabyggð á Ásbrú í Reykjanesbæ, sem þremenningarnir höfðu átt hlut í frá árinu 2007, til þess að Gani ehf., í eigu Tómasar, og Snæból ehf., fjárfestingarfélag Finns og Steinunnar, eru stærstu einstöku eigendur Heimavalla með sitthvor 9,4 prósentin. Þar að auki á Klasi fjárfesting ehf. 4,6 prósenta hlut en Steinunn og Finnur eiga aftur 95 prósent í því félagi.

Fjölskyldufyrirtækið Stálskip, í eigu hjónanna Guðrúnar Lárusdóttur og Ágústs Sigurðssonar, var stærsti hluthafi Heimavalla áður en sameiningin gekk í gegn og átti þá 14,3 prósent. Það heldur nú á 9,1 prósenti hlutafjárins. Þar á eftir kemur tryggingafélagið Sjóvá með 5,8 prósent en Túnfljót ehf., í eigu Magnúsar Pálma Örnólfssonar, fjárfestis og fyrrverandi forstöðumanns gjaldeyrismiðlunar Glitnis, á 5,5 prósent. Hluthafar félagsins eru alls 66 talsins og í þeim hópi má einnig finna sjö lífeyrissjóði, Kviku fjárfestingarbanka, tryggingafélagið VÍS og Kaupfélag Skagfirðinga.

Guðbrandur Einarsson, framkvæmdastjóri Heimavalla, segir í skriflegu svari við fyrirspurn Markaðarins að stuðst hafi verið við gengið 1,55 krónur á hlut í síðustu viðskiptum með bréf leigufélagsins. Markaðsverðmæti þess miðað við útistandandi hlutafé sé því 13.511 milljónir króna.

Tilkynnt var um sameiningu Heimavalla og Ásabyggðar í byrjun nóvember. Íbúðir sem Heimavellir keyptu af Íbúðalánasjóði mynduðu þá stóran hluta af eignasafni félagsins. Ásabyggð, sem hét áður Háskólavellir, samdi árið 2008 við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, um kaup á 1.500 íbúðum auk atvinnuhúsnæðis og lóða á gamla varnarliðssvæðinu á Ásbrú. Leigufélagið keypti alls 89 fasteignir, þar af 76 fjölbýlishús, á 11,6 milljarða króna. Eins og kom fram í frétt DV í október 2015 greiddu þáverandi eigendur ríkisins fyrir eignirnar árið 2008. Eigendur félagsins greiddu aftur á móti aldrei milljarðana 7,5 sem ríkið átti að fá árin á eftir. Kadeco neyddist því í september 2014 til að leysa til sín 732 íbúðir og yfirtók einnig 7,5 milljarða króna skuld leigufélagsins við ríkissjóð en fékk á móti skuldabréf að verðmæti 2,5 milljarðar króna. Eigendur Ásabyggðar héldu eftir 713 íbúðum sem þeim hafði tekist að koma í útleigu. haraldur@frettabladid.is

# Stundin tapaði 13 milljónum

Útgáfufélagið Stundin ehf. var rekið með 12,9 milljóna króna tapi árið 2015. Samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins var eigið fé þess neikvætt um 936 þúsund krónur í lok fyrsta rekstrarárs fjölmiðilsins en það skuldaði þá 17 milljónir króna.

Í ársreikningnum segir að gert hafi verið ráð fyrir tíu til 25 milljóna króna taprekstri við uppbyggingu rekstrarins á árinu 2015. Hlutafé fjölmiðilsins hafi verið aukið frá áramótum 2015-2016 og sú aukning hafi gengið að hluta til í gegn í fyrra. Eigið fé hafi þá tímabundið verið neikvætt.

Tíu nýir hluthafar Útgáfufélagsins Stundarinnar ehf. keyptu á síðasta ári samtals 23,4% hlut í fjölmiðlinum fyrir ellefu milljónir króna. Píratinn Smári McCarthy, sjávarútvegsfyrirtækið Stormur Seafood og Fjelagið – Eignarhaldsfélag, sem er í eigu einkahlutafélags í Hong Kong, fóru þá inn í eigendahópinn en þar voru fyrir stofnendur fjölmiðilsins. – hg




Stofnendur Stundarinnar fengu nýja hluthafa inn í fyrra.

**Tíu nýir eigendur Stundarinnar komu inn í hluthafahópinn í fyrra í hlutafjáraukningu upp á ellefu milljónir króna.**



# FRAMKVÆMDASTJÓRI MANNAUÐSMÁLA

| | | | |
|---|---|---|---|
| 100 NÝ STÖRF Á ÁRINU | 13 ÞÚSUND FERMETRA HÁTÆKNISETUR | 75 MILLJARÐA FJÁRFESTING | 7 LYF Í ÞRÓUN |

**Framkvæmdastjóri mannauðsmála ber ábyrgð á stefnumótun, þróun og framkvæmd mannauðsmála innan Alvotech. Hlutverk framkvæmdastjóra er einnig að samræma virkni mannauðsmála á milli eininga innan Alvotech samstæðunnar ásamt því að taka þátt í mótun fyrirtækjamenningar og hámarks nýtingu mannauðs innan fyrirtækisins. Framkvæmdastjóri stýrir rekstri mannauðsdeildarinnar og situr í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Viðkomandi heyrir beint undir forstjóra.**

## Helstu verkefni:

- Stefnumótun, þróun og framkvæmd mannauðsmála Alvotech
- Mótun og styrking á fyrirtækjamenningu Alvotech
- Öflug stýring innri samskipta og stjórnun breytinga í alþjóðlegu umhverfi
- Yfirumsjón með þróun og nýtingu mannauðs með framtíðarsýn fyrirtæksins að leiðarljósi
- Áætlanagerð og eftirfylgni þeirra
- Yfirumsjón með framkvæmd og eftirfylgni frammistöðustjórnunar
- Yfirsýn og stýring ráðninga, sem verða umtalsverðar á árinu
- Gæðamál mannauðsdeildar og uppbygging mannauðsferla
- Viðkomandi er hluti af framkvæmdastjórn Alvotech og tekur virkan þátt í stefnumótun og uppbyggingu fyrirtækisins

## Hæfniskröfur:

- Leiðtogahæfni og geta til að vinna með fólki er nauðsynlegur eiginleiki
- Reynsla af stýringu mannauðsmála er skilyrði
- Þekking og reynsla af innri samskiptum og farsæl innleiðing þeirra
- Reynsla af stjórnun breytinga er skilyrði
- Yfirgripsmikil þekking á öllum sviðum mannauðsmála
- Geta til að leiða hópa og móta framtíðarsýn
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðri hugsun
- Geta til að tjá sig á ensku í ræðu og riti

**Nánari upplýsingar veitir:**
Jensína K. Böðvarsdóttir, VP Global Strategic Planning and HR hjá Alvogen, jensina.bodvarsdottir@alvogen.com eða 842 2939.

Umsækjendur eru beðnir um að senda inn ítarlega starfsferliskrá og kynningarbréf **á ensku** þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Sótt er um starfið á Alvotech.is. Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar.**



## Um Alvotech

**Alvotech er alþjóðlegt lyfjafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og framleiðslu líftæknilyfja. Innan nýs Hátækniseturs í Vatnsmýrinni starfa um 150 vísindamenn sem vinna að þróun, framleiðslu og markaðssetningu lyfjanna.**

**Alvotech er systurfyrirtæki lyfjafyrirtækisins Alvogen og starfsemi þess er á Íslandi, í Sviss og í Þýskalandi.**

alvotech BIOPHARMACEUTICALS

Sæmundargötu 15-19,
101 Reykjavík

# Viðræður um kaup fóru út um þúfur

Viðræður um kaup lífeyrissjóða á stórum hlut í Arion banka af Kaupþingi í lokuðu útboði hafa siglt í strand vegna ólíkra verðhugmynda. Gætu tekið þátt sem hornsteinsfjárfestar í almennu hlutafjárútboði. Ríkið með forkaupsrétt ef hlutur er seldur á genginu 0,8 eða lægra.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Nánast útilokað er talið að hópur íslenskra lífeyrissjóða muni kaupa tuga prósenta eignarhlut í Arion banka í gegnum lokað útboð. Viðræður sem hafa staðið yfir milli Kaupþings og fulltrúa stærstu lífeyrissjóða landsins frá því síðastliðið haust hafa í reynd runnið út í sandinn, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, þar sem ljóst þykir að of mikið ber í milli varðandi hugmyndir um mögulegt kaupverð á hlut í bankanum. Engir formlegir fundir hafa núna verið haldnir um nokkurt skeið.

Stjórnendur og ráðgjafar Kaupþings vinna þess í stað að því að losa um 87% eignarhlut félagsins í Arion banka með því að halda almennt hlutafjárútboð, sem stefnt er á að fari fram á fyrri árshelmingi 2017, og í kjölfarið skrá bankann í bæði Kauphöll Íslands og í Kauphöllinni í Svíþjóð. Í aðdraganda þess útboðs gæti lífeyrissjóðum boðist að taka þátt sem svonefndir hornsteinsfjárfestar (e. cornerstone investors) þar sem þeir myndu skuldbinda sig fyrirfram til að kaupa hlut í bankanum á sama verði og aðrir fjárfestar í hlutafjárútboðinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Á þessari stundu liggur ekkert fyrir um hversu stóran hlut Kaupþing áformar að bjóða til sölu í útboðinu – það mun ráðast af eftirspurn, ekki síst á meðal erlendra fjárfesta.

## Ólíkar verðhugmyndir

Lífeyrissjóðum var í september í fyrra boðið að ganga til viðræðna við Kaupþing um að kaupa á bilinu 20 til 40 prósenta hlut í Arion banka áður en almennt hlutafjárútboð og skráning á bankanum færi fram. Sé tekið mið af núverandi bókfærðu eigin fé bankans þá gæti slíkur hlutur verið metinn á um 40 til 80 milljarða króna. Þá gerði upplegg Kaupþings á þeim tíma jafnframt ráð fyrir því að hluthafar félagsins, sem eru einkum ýmsir alþjóðlegir fjárfestingasjóðir, myndu í lokuðu útboði kaupa samtímis 10 til 20 prósenta hlut í Arion banka á sama sölugengi og lífeyrissjóðirnir.

Slík áform hafa núna hins vegar að mestu verið sett til hliðar af hálfu Kaupþings. Verðhugmyndir forsvarsmanna lífeyrissjóðanna voru með þeim hætti – þær hafa gert ráð fyrir kaupverði sem væri nokkuð undir genginu 0,8 miðað við bókfært eigið fé Arion banka – að afar ólíklegt þótti að samkomulag gæti náðst um sölu á hlut í bankanum til sjóðanna. Samskipti milli stjórnenda Kaupþings og ráðgjafa lífeyrissjóðanna hafa verið með minnsta móti á undanförnum vikum enda þótt sjóðirnir fylgist vel með söluferli Arion banka „á hliðarlínunni“ eins og einn viðmælandi Fréttablaðsins, sem þekkir vel til stöðu mála, orðaði það.

## Forkaupsréttur ríkisins

Sú staðreynd að íslensk stjórnvöld geta stigið inn í söluferli Arion banka og nýtt sér ákvæði um forkaupsrétt hafði mikið að segja um að nú er talið útséð um möguleg kaup lífeyrissjóðanna á bankanum í lokuðu útboði. Samkvæmt gögnum frá Kaupþingi, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, virkjast forkaupsréttur ríkisins ef til stendur að selja hlut í Arion banka til fjárfesta á genginu 0,8 eða lægra miðað við bókfært eigið fé – en fram til þessa hafa sjóðirnir ekki léð máls á því að kaupa í bankanum á hærra gengi. Sökum þessa ákvæðis, sem var hluti af þeim stöðugleikaskilyrðum sem kröfuhafar samþykktu í aðdraganda nauðasamnings slitabúsins í árslok 2015, hefur það verið skoðun Kaupþings að erfitt sé að ímynda sér að raunhæft geti talist að selja hlut í Arion banka á verði þar sem ríkið hefði þann möguleika að ganga inn í kaupin. Við slíkar aðstæður, ekki síst þegar um er að ræða sölu á hlut til fjárfesta í lokuðu útboði, væri hætt við því að söluferlið gæti dregist á langinn vegna pólitískrar óvissu.

Stjórnvöld fóru fram á að sett yrði inn slíkt ákvæði um forkaupsrétt með hliðsjón af þeim miklu fjárhagslegu hagsmunum sem ríkið hefur af sölu Kaupþings á Arion banka. Samkvæmt afkomuskiptasamningi sem gerður var við kröfuhafa Kaupþings mun ríkið þannig fá um 122 milljarða í sinn hlut ef 87 prósenta hlutur félagsins er seldur í samræmi við núverandi bókfært eigið fé Arion banka en eigendur Kaupþings myndu aftur á móti fá um 58 milljarða. Söluandvirðið sem rennur til ríkisins yrði hins vegar um 93 milljarðar ef allur eignarhlutur Kaupþings yrði seldur á gengi sem nemur 0,7 miðað við eigið fé bankans í dag. Hæstaréttarlögmaðurinn Steinar Þór Guðgeirsson, ráðgjafi Seðlabankans og fyrrverandi formaður skilanefndar Kaupþings á árunum 2008 til 2012, er sérstakur eftirlitsmaður ríkisins inni í Kaupþingi og á að gæta þess að ekki sé gengið á hagsmuni þess í söluferlinu.

## Útboð og jafnræði

Þeir lífeyrissjóðir sem fóru upphaflega fyrir viðræðunum við fulltrúa Kaupþings voru Gildi, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) og Frjálsi. Forsvarsmenn LSR og Frjálsa drógu sig hins vegar út úr þeim viðræðum skömmu eftir að þær hófust síðastliðið haust. Þrátt fyrir að sú leið að ætla að selja lífeyrissjóðunum, ásamt mögulega öðrum fjárfestum, hlut í Arion banka í gegnum lokað útboð sé núna nánast úr myndinni þá er ljóst að Kaupþing vonast til þess eftir sem áður að sjóðirnir verði stórir þátttakendur í almennu útboði bankans innan fárra mánaða.

Þar er einkum horft til þess að íslenskum lífeyrissjóðum verði boðið að vera í hópi hornsteinsfjárfesta í útboðinu. Slíkt fyrirkomulag er vel þekkt í almennum hlutafjárútboðum og skráningu félaga á mörkuðum á Norðurlöndum. Hornsteinsfjárfestar á borð við lífeyrissjóði og aðrir stórir fjárfestar skuldbinda sig þá til að kaupa tiltekinn eignarhlut í félaginu á sama verði og aðrir þátttakendur í útboðinu, en semja ekki um sérstakt verð – og þá oft og tíðum lægra – líkt og kjölfestufjárfestar að undangengnu forvali í lokuðu útboði. Með þess konar fyrirkomulagi yrði jafnræði allra mögulegra fjárfesta á hlut í Arion banka tryggt. Aðrir fjárfestar sem kynnu sömuleiðis að skuldbinda sig sem hornsteinsfjárfestar í útboðinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, eru sumir hluthafar Kaupþings, meðal annars bandaríski vogunarsjóðurinn Taconic Capital, langsamlega stærsti einstaki eigandi félagsins. Þá hafa ýmsir aðrir erlendir fjárfestar, einkum og sér í lagi verðbréfasjóðir í stýringu fyrirtækja á borð við Vanguard Group, sýnt bankanum áhuga á undanförnum mánuðum.

## Áreiðanleikakönnun kláruð

Samkvæmt þeirri tímalínu sem stjórnendur Kaupþings og Arion banka vinna nú eftir er gert ráð fyrir því sem fyrr segir að almennt hlutafjárútboð fari fram fyrir mitt þetta ár. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lauk endurskoðunarfyrirtækið KPMG í London, í samstarfi við KPMG á Íslandi, nýlega við gerð áreiðanleikakönnunar á Arion banka í tengslum við fyrirhugað hlutafjárútboð. Bandaríski fjárfestingabankinn Morgan Stanley hefur verið helsti ráðgjafi Kaupþings í söluferlinu á meðan Citi hefur verið stjórnendum Arion banka til ráðgjafar af sama tilefni. Kaupþing stefnir nú að því, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, að ganga jafnframt innan skamms frá ráðningu á söluráðgjöfum við útboðið og er talið líklegast að þar verði leitað til Deutsche Bank og sænska fjárfestingabankans Carnegie. Þá er gengið út frá því að eitt íslenskt fjármálafyrirtæki verði sömuleiðis fengið að verkefninu sem söluráðgjafi.




### Sala á 87% hlut í Arion banka*

| Mögulegt gengi við sölu** | | Það sem færi til stjórnvalda | | Það sem færi til kröfuhafa |
|---|---|---|---|---|
| 0,6 | ➡ | 87 | ➡ | 21 |
| 0,7 | ➡ | 93 | ➡ | 33 |
| 0,8 | ➡ | 99 | ➡ | 45 |
| 0,9 | ➡ | 109 | ➡ | 53 |
| 1 | ➡ | 122 | ➡ | 58 |

**Samkvæmt afkomuskiptasamningi fær ríkið þriðjung af söluandvirði yfir 100 milljörðum. Ef hluturinn selst á meira en 140 milljarða fær ríkið helming umfram þá upphæð en þrjá fjórðu þess sem er yfir 160 milljarða.**

**Miðað við eigið fé Arion banka er sá hlutur metinn á 180 milljarða **Sölugengi miðað við bókfært eigið bankans*

**Kaupþing mun brátt ganga frá ráðningu á söluráðgjöfum vegna útboðs Arion banka og er talið líklegast að þar verði leitað til Deutsche Bank og sænska fjárfestingabankans Carnegie. Þá er gengið út frá því að íslenskt fjármálafyrirtæki verði sömuleiðis fengið að verkefninu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

### Stærstu hluthafar Kaupþings

| | |
|---|---|
| TCA Opportunity Investments Sarl* | 26,6% |
| Sculptor Investments Sarl** | 14,3% |
| Taconic Sidecar Master Fund* | 8,7% |
| Hilcrest Investors | 5,9% |
| Trinity Investments | 3,8% |
| CCP Credit Aquisition Holdings Luxco | 3,4% |
| Deutsche Bank AG, London | 3,2% |
| Kaupthing Singer & Friedlander (í slitameðferð) | 3,2% |
| Goldman Sachs International | 3,1% |
| TCA Event Investments Sarl* | 2,7% |

**Heimild: Hluthafalisti Kaupþings í nóvember 2016 sem Fréttablaðið hefur undir höndum. *Sjóðir á vegum Taconic Capital **Sjóðir í stýringu Och-Ziff Capital.**



**Keith Magliana,** sjóðsstjóri Taconic Capital, stærsta hluthafa Kaupþings

**0,8**
**er gengið miðað við eigið fé sem virkjar forkaupsrétt ríkisins að Arion banka.**




# LÍTIÐ FÉLAG MEÐ STÓRT HJARTA

Kraftur stendur fyrir styrktartónleikum á Kexi hosteli í kvöld. Þekktir listamenn á borð við Emilíönu Torrini og Hjálma koma fram en ókeypis er inn á þá. Litrík armbönd verða seld á staðnum og gestum boðið að gerast styrktaraðilar.

Boðað er til vitundarvakningar um ungt fólk og krabbamein í janúar sem hefst á Kexi hosteli í kvöld þegar styrktartónleikarnir Lífið er núna! verða haldnir. Það er Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra, sem stendur fyrir tónleikunum. Þekktir tónlistarmenn munu koma fram, m.a. Emilíana Torrini, Emmsjé Gauti, Hildur og Hjálmar og gefa allir listamenn vinnu sína. Ókeypis er inn en armbönd með slagorðinu „lífið er núna“ verða seld á staðnum auk þess sem hægt er að skrá sig sem styrktaraðila Krafts með mánaðarlegum framlögum.

Síðast hélt Kraftur styrktartónleika á afmælisári sínu árið 2014 þar sem Norðurljósasalur Hörpu var fylltur að sögn Huldu Hjálmarsdóttur, formanns Krafts. „Þeir tónleikar voru til styrktar Neyðarsjóði Krafts en þá var selt inn. Okkur fannst við hæfi að byrja átakið okkar „Lífið er núna!“ á því að bjóða upp á skemmtilega ókeypis tónleika og voru rekstraraðilar Kex hostels svo vinsamlegir að bjóða okkur að halda þá þar.“

## FALLEG PERLUARMBÖND



Litrík armbönd verða seld í kvöld til styrktar félaginu og kosta þau 2.000 kr. stykkið. „Í stað þess að rukka inn ákváðum við að gefa gestum kost á að kaupa armböndin okkar. Þau eru afar litrík og falleg perluarmbönd sem á stendur „Lífið er núna“ en þau eru öll perluð af sjálfboðaliðum. Eitt helsta markmiðið með átakinu okkar, fyrir utan að vekja athygli á ungu fólki og krabbameini, er að afla mánaðarlegra styrktaraðila. Okkar fólk verður því með spjaldtölvur á staðnum og geta gestir gerst styrktaraðilar og gengið frá málinu á staðnum.“

Kraftur var stofnaður árið 1999 og byggir afkomu sína alfarið á velvilja almennings og fyrirtækja. Félagar eru nú 570 en félagið er ætlað krabbameinsgreindu fólki á aldrinum 18 til 40 ára og aðstandendum þess. „Helstu verkefni Krafts eru að reka faglegt stuðningsnet þar sem jafningjar styðja aðra með sömu lífsreynslu. Félagið úthlutar einnig styrkjum úr sérstökum neyðarsjóði til ungs fólks með krabbamein til að standa straum af læknis- og lyfjakostnaði og veitir einnig endurgjaldslausa sálfræðiþjónustu. Við bjóðum líka upp á endurhæfingar- og íþróttahópinn Fítonskraft og ungliðahóp í samstarfi við Ljósið og Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna. Þá efnir félagið árlega til sumargrills og aðventukvölds fyrir félagsmenn sína og heldur úti öflugri hagsmunabaráttu.“

## NÝ VEFVERSLUN

Um þessar mundir er verið að hanna vörur sem seldar verða í nýrri vefverslun Krafts og eru þau spennt að sjá útkomuna segir Hulda. „Þar verður hægt að kaupa armböndin og annan varning frá Krafti, t.d. boli, bækur, poka og fleiri vörur. Á næstunni verður bókin okkar Lífskraftur, sem geymir hagnýtar upplýsingar um allt er viðkemur krabbameini, uppfærð og endurprentuð. Í vor höldum við hér á landi ráðstefnuna Nordic cancer survivors, þar sem systurfélög Krafts á Norðurlöndunum koma saman og bera saman bækur sínar. Að öðru leyti munum við eins og fyrr standa vörð um réttindamál ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda þess. Kraftur er lítið félag en með stórt hjarta og háleit markmið.“

**Tónleikarnirnir hefjast kl. 19 á Kexi hosteli við Skúlagötu 28 í Reykjavík. Fræðast má um starfsemi Krafts á www.kraftur.org og um átakið á www.lifidernuna.is.**




**„Eitt helsta markmiðið með átakinu okkar, fyrir utan að vekja athygli á ungu fólki og krabbameini, er að afla mánaðarlegra styrktaraðila,“ segir Hulda Hjálmarsdóttir, formaður Krafts. Með henni er Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur Krafts og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands.** MYND/ANTON BRINK




**Litrík armbönd verða seld í kvöld til styrktar félaginu og kosta þau 2.000 kr. stykkið.**

> Eitt helsta markmiðið með átakinu okkar, fyrir utan að vekja athygli á ungu fólki og krabbameini, er að afla mánaðarlegra styrktaraðila.
>
> Hulda Hjálmarsdóttir








**English for All - Let's speak English**

**Enskunámskeið í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna**

Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 35 ára og eldri.

- 10 getustig með áherslu á tal
- Öllu lesefni fylgja hljóðdiskar
- Styrkt af starfsmenntasjóðum

EA ENSKA FYRIR ALLA

**Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@enskafyriralla.is**



**Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir fullorðna og 13-16 ára**












Davíð Þór leikur í Ræmunni ásamt þeim Kristínu Þóru Haraldsdóttur og Hirti Jóhanni Jónssyni. Leikritið verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld. MYND/ERNIR

# ÁHORFENDUR MEÐ HONUM Í LIÐI

**Davíð Þór Katrínarson stígur í fyrsta skipti á svið í íslensku atvinnuleikhúsi í kvöld þegar Ræman verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu. Hann lærði leiklist í Hollywood og segir það hafa verið það besta sem hann hafi gert.**

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Leikritið Ræman verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld en þar þreytir leikarinn Davíð Þór Katrínarson frumraun sína á sviði í íslensku atvinnuleikhúsi. Davíð leikur einn þriggja starfsmanna í gömlu „költ“-bíói þar sem launin eru lág, andrúmsloftið rafmagnað og samskiptin á milli starfsmannanna endurspegla kaldranalegan veruleika. Davíð segir verkið vera skemmtilegt, mannlegt og einlægt. „Verkið fjallar um þessa þrjá starfsmenn í bíói og hvernig þeir takast á við hluti sem flestir kannast við að þurfa að takast á við.“

Davíð játar því að eiga sitthvað sameiginlegt með persónunni sem hann leikur í Ræmunni. „Já, hann er kannski líkur mér að einhverju leyti. Hann er mjög áhugasamur um kvikmyndir og á stundum svolítið erfitt með að tengjast og tala við fólk, sem er eitthvað sem ég kannast kannski svolítið við. En hann er einlægur og góður strákur.“

### MYND Á LEIÐINNI

Eins og áður kom fram er Ræman fyrsta verk Davíðs á Íslandi en hann útskrifaðist úr Stellu Adler Academy leiklistarskólanum í Los Angeles haustið 2015. Hann segir það einfaldlega hafa verið geggjað að læra í Hollywood og að námið þar hafi verið það besta sem hann hafi gert. „Í Stellu Adler skólanum er farið ítarlega í sérstaka tækni, Stellu Adlertæknina, og nemendur einbeita sér algjörlega að henni. Það eru engin bókleg fög í skólanum heldur er þetta mjög krefjandi sex anna nám sem snýst einungis um leiklist,“ útskýrir Davíð.

Eftir útskrift var Davíð áfram úti í nokkra mánuði og reyndi fyrir sér í leiklistarbransanum í stjörnuborginni. Stuttu áður en hann flutti aftur heim til Íslands fór hann í áheyrnarprufur fyrir bandaríska mynd eftir Gregory King og hreppti Davíð annað af tveimur aðalhlutverkunum. „Ég fór aftur út í desember 2015 til að skjóta þá mynd. Það var alveg geggjað, ég flaug út í tökur og það var gaman að upplifa það. Þetta er lítil, „artí“ mynd sem kemur út á þessu ári og fer þá á einhverjar hátíðir en ég býst ekki við að hún verði sýnd hérna heima,“ segir Davíð og brosir.

### LÍTIÐ STRESSAÐUR

Davíð segist ekki enn vera orðinn stressaður fyrir frumsýninguna í kvöld. „Ég er mjög spenntur en ekki stressaður en stressið á það til að koma svona tveimur mínútum áður en maður stígur á svið en hverfa svo jafnóðum og þegar á sviðið er komið.“

Honum líður vel á sviði og hefur nokkra reynslu af því að koma fram en Davíð hefur bakgrunn í tónlist, hefur verið að búa til tónlist og rappa síðan hann var fjórtán ára. Davíð hefur spilað á tónleikum hér og þar og kannski einhverjir sem kannast við hann þaðan. „Ég hef lært að fólk sem kemur að horfa á mann er með manni í liði þannig að það er óþarfi að hræðast það þegar maður er að segja fallega sögu.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

## BÍLAR & FARARTÆKI



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**


### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

VSK uppgjör. Skil á gögnum/miðum til RSK. Skattskýrslur. Bókhald. Stofnun fyrirtækja. FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19. Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

777-0709 869-5927
**Smíðaverktakar**
**Getum bætt við okkur verkefnum**
gipsvinna, parketlagnir og öll almenn smíðavinna.
smidaverktakar@gmail.com
smidaverktakar ehf

Tek að mér flísalagnir og múrvinnu. Er með mikla reynslu. Uppl. í síma 855-4420 Tim

### Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

### Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

### Fyrirtæki

**VEITINGASTAÐUR TIL SÖL**
Austurlenskur veitingastaður í Mosfellsbæ til sölu, vegna skorts á starfsfólki uppl á dunadb@gmail.com

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is


Barnaheill
Save the Children á Íslandi



# Nýir Toyota Auris Hybrid

Komdu við og prófaðu

AÐEINS KR.
**2.990**
ÞÚSUND

**VEL BÚINN BÍLL**
- Bakkmyndavél
- Álfelgur
- Handfrjáls búnaður
- Litað gler

...og margt fleira



39 ÞÚS. Á MÁNUÐI*

*M.v 20% útborgun til 84 mánaða

Til afgreiðslu núna – Komdu og prófaðu – 5 ára ábyrgð – Allt að 90% lán – Skoðum með uppítöku á notuðum bílum

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til skammtímaleigu er 3ja herb, 83fm íbúð í Vestmannaeyjum til leigu í sumar. S. 895 8582

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á nægum svefni

